

ljóskerinu. Skútan var komin nærri því á móts við þá.

Skipstjórinn hljóp út að borðstokknum og kallaði hátt til þeirra, sem voru á skútunni. Honum var svarað.

“Hafið þið fulla lest?” hrópaði skipstjórinn.

“Nei,” var svarið.

“Komið þá á hlið við okkur og látið akkerin síga!” kallaði skipstjórinn. “Eg verð að bíða hér í viku enn og eg hefi tólf tunnur af síld, sem verða að komast til Lundúna strax.”

Skútan var komin rétt á hlið við þá og skipstjórinn beið með öndina í hálsinum eftir því hvað þeir gerðu.

“Það er ekki nema hálftrar stundar verk, að taka tunnurnar,” hrópaði hann.

Akkerið var látið síga og seglum hleypt niður, og eftir tíu mínútur lágu skipin hlið við hlið. Bragð skipstjórans hafði hepnast ágætlega.

Lestin á Hafsúlunni var opin og ljósið frá luktinni skein framan í syfjuð andlitin á hásetunum. Stýrimaðurinn stóð frammi á þilfarinu og var að hvísla að ungrú Gething hvað hún ætti að gera.

“Flýtið þið ykkur!” hrópaði skipstjórinn á aðkomuskipinu og kom út að borðstokknum til að líta eftir. Honum varð starsýnt á ungrú Gething, sem stóð þar og horfði á hásetana vinna.

“Allra laglegasta skip,” sagði hún. “Má eg koma yfir um til ykkar og skoða mig um?”

“Það er velkomið, ef þú verður ekki fyrir,” var svarið.

Hún steig upp á borðstokkinn og niður á þilfarið hinum megin, svo fór hún að ganga um og skoða aft. Þegar hún kom að káetustiganum stað-